

L Ö G

12

12. maí

um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn varnarráðstafana þeirra, er um getur í lögum þessum. Hann skipar framkvæmdarstjóra, er stjórní vörnunum, og varamann hans.

Sýslunefndir velja einn mann hver fyrir sína sýslu, er sé framkvæmdarstjóra til aðstoðar um framkvæmd varnanna í þeirri sýslu, enda hafi hann á hendi umsjón þeirra undir stjórn framkvæmdarstjóra, þar á meðal ráðningu varðmanna innan sýslu og eftirlit með starfi þeirra.

2. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár hjá öllum sauðfjäreigendum í landinu, eftir því sem honum þykir þörf á. Þá skulu og hreppstjórar, hver í sínum hreppi, tilkynna framkvæmdarstjóra, ef vart verður við veikni í sauðfé í hreppnum, er teljast megi grunsamleg.

3. gr.

Nú telur hreppstjóri, að líkur séu fyrir, að borgfirzka fjárpestin sé á einum eða fleiri bæjum á þeim svæðum, sem ráðstafanir eru gerðar til að verja, og er honum þá heimilt, ef ekki fæst um það samkomulag við fjäreiganda, að láta slátra kind eða kindum, til þess að fá úr því skorið við rannsókn, hvort um sé að ræða borgfirzku fjárveikina eða ekki. Greiða skal úr ríkissjóði bætur fyrir slíkar kindur, allt að verðlagsskrárverði, ef ástæður mæla með, að dómi framkvæmdarstjóra.

4. gr.

Til varnar gegn útbreiðslu fjárpestarinnar skal girða með öruggri, fjárheldri girðingu, að dómi framkvæmdarstjóra:

- a. Á mörkum milli Mýra- og Dalasýslu annarsvegar og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinsvegar, þó þannig, að Hörðudalur verði, eftir því sem við verður komið, Snæfellsnessýslu megin við girðinguna.
- b. Milli Hvammsfjarðar og Hrutafjarðar.
- c. Milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar.
- d. Frá ósum Andakílsár í Geitlandsjökul og úr þeirri girðingu í Þingvallagirðinguna með álmu í Hvalfjörð.
- e. Milli Hofsjökuls og Langjökuls.

Til að koma í veg fyrir fjársamgöngur skal ennfremur setja verði eins og hér segir:

Meðfram eystri Héraðsvötnum, Jökulsá eystri, Blöndu, Þjórsá, Brúará, Hvítá í Árnessýslu og Sogi. Nú þykir eigi öruggt, að heftar verði samgöngur sauðfjár með varðmönnum eingöngu á þessum svæðum, og er þá framkvæmdarstjóra heimilt að láta setja þar upp girðingar, eftir því sem nauðsyn ber til.

12 Ennfremur skal hafa varðmenn meðfram þeim girðingum, sem um getur í 12. mál a.—f.-lið þessarar greinar, og við hlið á Þjóðvegum og brýr hvarvetna þar, sem það hefir þýðingu fyrir varnirnar. Ennfremur skal hafa varðmenn meðfram þeim girðingum, er komið verður upp samkvæmt 5. og 6. gr. Tölu varðmanna ákveður framkvæmdarstjóri í samráði við trúnaðarmenn sýslanna.

5. gr.

Til varnar frekari útbreiðslu veikinnar í Mýrasýslu vestan Norðurár, Miðdalahreppi og Haukadalshreppi í Dalasýslu, Bæjarhreppi í Strandasýslu og Húnavatnssýslum vestan Blöndu skal framkvæmdarstjóra heimilt, í samráði við hlutaðeigandi sýslufulltrúa, að setja upp aðalvarnargirðingar, er kostaðar séu á sama hátt og girðingar þær, er um getur í 4. gr., þar sem hann telur haganlegast, enda hafi hann þá fulla tryggingu fyrir, að sjúkt og grunað fé sé einangrað í heimalöndum eða sérstökum girðingum í viðkomandi héruðum.

Veita skal úr ríkissjóði til einangrunargirðinga 40 auro styrk á hvern lengdarmetra, ef um nýjar girðingar er að ræða, en ella minna, eftir tillögum framkvæmdarstjóra, enda samþykki hann girðingarstæði, gerð girðinga og annað, er að því lýtur.

Að öðru leyti greiðist kostnaður við þessar girðingar úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum, ef fleiri en einn hreppur eru um girðinguna í samlögum.

6. gr.

Arnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði, Borgarfjarðarsýslu sunnan Andakilsár, Dalasýslu, Austur-Húnavatnssýslu austan Blöndu og Skagafjarðarsýslu skal skylt að koma upp, þegar eftir að lög þessi hafa öðlazzt gildi, að minnsta kosti einni girðingu fyrir hverja sýslu og kaupstað, til þess að setja í og geyma allt sjúkt og grunað fé, sem vart verður við innan sýslunnar eða kaupstaðarins.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu velja land fyrir girðingar þessar í samráði við framkvæmdarstjóra.

Girðingar þessar skulu styrktar með framlagi úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum 5. gr., en að öðru leyti greiðist kostnaðurinn við þær úr viðkomandi sýslu- eða bæjarsjóði. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn að jafna þeim kostnaði niður á sauðfjáreigendur eftir fjártölu eða með öðrum sýslusjóðsgjöldum, og skal gjaldið innheimt á manntalsþingum.

Um gerð þessara girðinga gilda ákvæði 4. gr.

Ef til er í sýslunni eða kaupstaðnum girðing, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir umráð yfir, og að dómi framkvæmdarstjóra má nota í þessu skyni, þá eru þessir aðiljar þar með leystir undan skyldunni um það að koma upp nýjum girðingum. Nú þykir hentara, að Reykjavík og Hafnarfjörður séu í félagi við Gullbringu- og Kjósarsýslu með girðingu, og er það þá heimilt.

Nú kemur í ljós, að dómi framkvæmdarstjóra, að þörf er á slíkum girðingum í fleiri sýslum og kaupstöðum en hér hafa verið taldir, og gilda þá um þær framkvæmdir sömu reglur sem að framan greinir.

7. gr.

Framkvæmdarstjóri getur, ef honum þykir nauðsyn bera til eða betur henta, breytt legu girðinga þeirra, er um getur í 4. gr.

8. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, sem um getur í 4. gr., um lönd einstakra manna og afrétti, eftir því sem framkvæmdarstjóri telur haganlegast.

Nú næst ekki samkomulag við landeiganda um land undir girðingar þær, sem um getur í 5. og 6. gr., og er þá ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdarstjóra, að taka land í þessu skyni leigunámi fyrir hönd viðkomandi hreppnefnda eða sýslunefnda, og fer þá um leigunámið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

9. gr.

Nú hafa bændur á einstökum bæjum á svæðinu milli Andakílsár í Borgarfirði og Norðurár í Mýrasýslu, einir sér eða fleiri í félagi, aðstöðu til, að dómi framkvæmdarstjóra, að einangra fé sitt í girðingum, enda sé fé þeirra enn ósýkt, og njóta þeir þá styrks úr ríkissjóði til girðinga, allt að 25 aurum á metra, miðað við kostnað við að koma upp nýrri girðingu. Sama gildir um styrk til að koma upp girðingu til geymslu fjár þeirra bænda í Sandvíkur- og Eyrarbakkaheppum í Árnessýslu, sem undanfarið hafa rekið fé sitt á Grímsnesafrétt. Verði ekki settar upp aðalvarnargirðingar þær, sem um getur í 5. gr., er heimilt að veita einstökum bændum á því svæði styrk samkv. þessari grein.

10. gr.

Nú kemur veikin upp á þeim svæðum, sem ráðstafanir eru gerðar til að hefta útbreiðslu veikinnar á samkvæmt lögum þessum, og skal viðkomandi hreppstjóri þá sjá um, að fé á þeim bæjum, sem veikin kemur upp á, sé tafarlaust einangrað, og er hreppstjóra, þegar svo er ástatt, heimilt um stundarsakir að ráða mann til að gæta fjárins, enda fer um kostnað þann, sem af því leiðir, sem um kostnað við verði.

Hreppstjóri tilkynnir þegar framkvæmdarstjóra, hversu ástatt er, en framkvæmdarstjóri leggur fyrir viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn að sjá um, að annaðhvort verði gert, að fénu verði komið út af því svæði, sem ráðstafanir eru gerðar til að verja, eða það geymt í girðingu samkv. 6. gr.

11. gr.

Nú hefir rannsókn leitt í ljós, að borgfirzka sauðfjárveikin er komin á heimili, og skal þá þegar merkja allt fé á heimilinu greinilega með sterkum bláum lit á horn eða haus, enda er öðrum óheimilt að nota þennan lit til að merkja með sauðfé.

Heimilt er framkvæmdarstjóra að fyrirskipa merkingu á sauðfé á öllum sýktum og grunuðum svæðum, og er þá öðrum óheimilt að nota samskonar merki á fé sitt.

12. gr.

Hreppstjórar skulu sjá um, að haft sé strangt eftirlit með því í réttum að hausti, að allar veikar kindur, er þar koma fyrir, séu tafarlaust einangraðar.

13. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varnarlinur þær, er um getur í 4. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdarstjóra komi til.

14. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt að ráðstafa fé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

15. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í sauðfé sínu, skal hann sæta sektum eftir lögum þessum.

16. gr.

Nú neitar fjáreigandi, að skoðum fari fram á fé hans, og er hreppstjóra þá heimilt að láta framkvæma skoðun á hans kostnað.

12
12. maí

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessara laga sé hlýtt.

17. gr.

18. gr.

Allur kostnaður við girðingar og verði, sbr. 4. gr., greiðist að $\frac{3}{5}$ hlutum úr ríkissjóði og þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, $\frac{3}{10}$ af hvorum aðilja, en $\frac{2}{5}$ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur í landinu, að undanteknum þeim, sem búa í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum á svæðinu milli Andakilsár og Norðurár, og þeim hreppum, sýslum eða sýsluhlutum og kaupstöðum, sem koma upp girðingum samkvæmt 5. og 6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög, eða hluta úr sýslufélögum, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aorum á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum. Hreppsnefndum er í sjálfvald sett, hvort þær jafna gjaldi þessu niður á fjáreigendur, eða hvort þær greiða það beint úr sveitarsjóði.

19. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdarstjóra, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni, þar á meðal ráðstafa sjúku og grunuðu fé, ef eigi næst samkomulag á annan hátt, og greiða eigendum bætur fyrir, eftir mati dómkvaddra manna.

Ríkisstjórninni er heimilt, eftir því sem þörf krefur, að taka lán til að greiða kostnað þann, er leiðir af framkvæmd þessara laga, að því leyti sem hann er ekki greiddur úr bjargráðasjóði. Sá hluti kostnaðarins, sem héruðunum ber að greiða, sbr. 18. gr., endurgreiðist ríkissjóði með þeim hætti, er þar segir.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. maí 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.